

Úrgangur frá verkstöðum ÞG Verks. Samantekt Jan-júní 2020.

Stutt samantekt um meðhöndlun úrgangs jan-júní 2020 og samanburður við árið 2019.

Rétt er að rifja upp umhverfismarkmið sem ÞG Verktakar hafa sett sér:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Minnka úrgang til urðunar með bættri flokkun sorps.
- Viðhafa ábyrga stýringu á notkun raforku og vatns.
- Mæla og miðla upplýsingum um stöðu og árangur í umhverfismálum.
- Auka umhverfisvitund starfsmanna.

Þessi samantekt eru liður í að fylgja eftir þessum markmiðum. Meðhöndlun úrgangs hjá ÞG verktökum fer verulega batnandi. Hér að neðan eru samanteknar helstu niðurstöður verkstaða.

1. Úrgangur eftir verkstöðum: Magn, flokkunar- og endurnýtingarhlutfall.

Verkstaður	2019			2020 jan-jun		
	Tonn	Flokkað	Endurnýtt	Tonn	Flokkað	Endurnýtt
Skútahraun (Lager)	32	89%	84%	15	82%	53%
Austurbakki (Landsbankinn)	44	83%	83%	189	79%	74%
Austurvegur 67 (Dælustöð)	13	66%	0%	10	77%	11%
Skektuvogur	105	76%	76%	143	69%	67%
Urðarhvarf	191	71%	63%	47	69%	27%
Landsímareitur	206	22%	21%	236	59%	52%
Dalvegur	40	60%	47%	30	50%	30%
Vinastræti	244	56%	46%	88	32%	28%
Geirsgata (Hafnartorg)	229	38%	32%	10	0%	0%
Tangabryggja	69	58%	53%			
Álalækur	33	49%	19%			
Urriðaholtsstræti (Ikea)	9	32%	32%			
Samtals og vegin hlutföll	1215	53%	46%	768	63%	54%

Flokkunarhlutfall hækkar úr 53% allt árið 2019 í 63% fyrstu sex mánuði 2020. Endurnýtingarhlutfall úrgangs hækkar úr 46% í 54.

Bætt flokkun úrgangs leiðir af sér hækkun endurnýtingarhlutfalls og lægri meðalkostnað fyrir hvert kg. úrgangs.

- Í apríl 2019 voru gefnar út leiðbeiningarnar; „Sorp, flokkun og merkingar, leiðbeiningar ÞG Verks“. Útgáfa og innleiðing þeirra og umræða innan ÞG Verks um þessi mál hafa leitt af sér hærra flokkunarhlutfall.
- Það sem skiptir ekki minna máli er að flokkunin sé rétt til að endurnýtingarhlutfall hækki. Mikill árangur náðist á árinu 2019 varðandi flokkun og hækkað endurnýtingarhlutfall og heldur sú þróun áfram fyrstu 6 mánuði ársins 2020.
- Bætt flokkun leiðir af sér lægra meðalkostnaði fyrir losun á herju kíló úrgangs þar sem dýrara er að farga óflokkuðum úrgangi. Meðalkostnaður á hverju kg. úrgangs er þannig 20% lægra fyrstu 6 mánuði ársins 2020 heldur en það var á árinu 2019.

2. Magn úrgangs eftir flokkum, endurnýtingarhlutfall og kostnaður.

Úrgangslýsing	CO ₂ /Kg	Hlf. af min	2019	2020 jan-jún.	Hlutfall	kr/kg	Kostn. 2020	Hlf af heild
			Magn í Kg	Magn í Kg	endurn.		án fl.kostn.	
Hreint timbur	0,0214	16,5	258.280	177.850	100%	4,36	775.426 kr	8%
Steinefni	0,0013	1,0	180.370	160.250	100%	1,44	230.760 kr	3%
Járn	0,0214	16,5	109.700	74.940	100%	0	- kr	0%
Gífs	0,0719	55,3	46.630	41.700	0%	14,37	599.229 kr	7%
Málað/plasth. timbur	0,8281	637,0	37.730	24.660	0%	19,15	472.239 kr	5%
Ál	0,0214	16,5	5.460	-	100%	0	- kr	0%
Pappír og bylgjupappi	0,0200	15,4	2.710	2.960	100%	0	- kr	0%
Plast	0,0200	15,4	200	-	100%	12,00	- kr	0%
		Flokkað	641.080	482.360			2.077.654 kr	23%
Óflokkaður úrgangur	0,0013	1,0	415.880	169.900	0%	28,35	4.816.665 kr	52%
Almennur heimilisúrg.	0,5865	451,2	137.770	113.150	0%	19,86	2.247.159 kr	24%
Grófur úrgangur	0,5865	451,2	23.330	2.200	0%	27,79	61.138 kr	1%
		Óflokkað	576.980	285.250			7.124.962 kr	77%
		Samtals	1.218.060	767.610			9.202.616 kr	100%

Skoðum aðeins dálkana.

CO₂/kg, Hlutfall endurn: Almennur heimilisúrgangur (frá vinnubúðum) og grófur úrgangur veldur almennt mestri kolefnislosun og er ekki endurnýttur. Flokkaðir úrgangsflokkar eru almennt með lága kolefnislosun en málað timbur og gífs er hæst, sérstaklega málað timbur. Þetta eru líka eini flokkaði úrgangurinn sem er ekki endurnýttur.

Magn jan-júní 2020 m.v. 2019: Óflokkaður og Grófur úrgangur í óflokkað er að minnka hlutfallslega, sérstaklega Grófur úrgangur.

Þetta er einkar ánægjuleg þróun þar sem í leiðbeiningum um flokkun sorps er eitt af meginmarkmiðum að útrýma grófum úrgangi með betri leiðbeiningum.


Það er áskorun um að bæta okkur enn flokkun til að minnka úrgang sem fer í óflokkað.

Kostnaður: Mjög misdýrt er að farga úrgangi eftir flokkum. Óflokkuðum úrgangi (óflokkaður úrgangur almennur heimilisúrgangur, grófur úrgangur), er dýrast að farga og þótt hann sé einungis 37% af úrgangi þá veldur hann 77% af kostnaðinum. Ath. að kostnaðartölur eru einungis kostnaður vegna förgunar úrgangs. Gámaleiga og flutningur er ekki inn í þessum tölum.

3. Áhersluatriði í flokkun.

Þrjár meginreglur til áherslu til að minnka kostnað, auka endurnýtingu og minnka kolefnislosun.

1. Plast og Pappír. Flokka til að forða frá óflokkuðum úrgangi.
2. Ómálað timbur vs. Málað/plasthúðað. Fylgja eftir góðum árangri í flokkun.
3. Gífs vs. Steinefni. Gífssteinar fari í Steinefni, einnig allt múrbrot (ekki í grófan eða óflokkaðan).



Bergur Helgason Gæða- og öryggisstjóri (og sérstakur áhugamaður um flokkun úrgangs).